



Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Egilsstaðir, 6. júní 2018  
201805015

**Efni: Umsögn Fljótsdalshéraðs um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þingskjal 662. mál. Lagt fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017-2018**

Þann 28. maí sl. var lagt fram frumvarp á Alþingi um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Tilgangur frumvarpsins er að koma á nýrri löggjöf um vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2016/676 frá 27. apríl 2016<sup>1</sup>.

Í fyrsta lagi er vert að taka fram að tíminn sem gefinn er til umsagnar er afskaplega skammur fyrir jafn umfangsmikla löggjöf og um ræðir hér. Það hlýtur að leiða til þess að umsagnir nýtist fyrir vikið ekki jafn vel.

Að því sögðu vill Fljótsdalshérað koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

## Upplýsingaréttur hins skráða

Í íslenskum lögum er að finna almenn lagaákvæði um upplýsingarétt aðila. Þau ákvæði sem reynir einna mest á eru líklegast upplýsingaréttur í stjórnáskjalum nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012. Bæði ákvæðin eiga það sameiginlegt að upplýsingaréttur aðila um sjálfan sig er háður takmörkunum. Sem dæmi má nefna að í báðum ákvæðunum eru vinnuskjöl stjórnvalda almennt undanskilin upplýsingarétti aðila.

Í 15. gr. reglugerðarinnar er fjallað um upplýsingarétt hins skráða en ákvæðið er útfært í 17. gr. frumvarpsins. Sá upplýsingaréttur virðist víðtækari heldur en upplýsingaréttur upplýsingalaga. Verði frumvarpið óbreytt að lögum opnast aðgangur að gögnum sem ekki er heimilaður á grundvelli upplýsingalaga s.s. vinnuskjöl stjórnvalda.

Ýmsar ástæður geta legið að baki að undanskilja slík gögn upplýsingarétti aðila og lætur undirritaður nægja að vísa til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins sem varð að núgildandi upplýsingalögum og athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins sem varð að núgildandi stjórnáskjalum.

---

<sup>1</sup> Hér eftir reglugerðin.



Ekki er neitt að finna í frumvarpinu um þetta eða hvaða áhrif þetta gæti haft. Þar að auki veit undirritaður ekki til þess að einhvers konar vinna hafi farið fram þar sem þetta hafi verið metið. Þetta er því atriði sem þarfnast frekari skoðunar, eða í hið minnsta skýringar.

## Lagaheimild fyrir vinnslu

Í þeim tilvikum þegar vinnsla persónuupplýsinga byggist á lagaskyldu, beitingu opinbers valds eða verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna (sjá c- og e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar), þá gerir reglugerðin ríkari kröfur til lagastoðarinnar sem stendur að baki heldur en er í núverandi löggjöf um persónuvernd. Lagastoðin þarf að kveða á um tilgang vinnslunnar, hver ábyrgðaraðili sé, tegundir upplýsinga o.fl. (sjá b-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar).

Það leiðir til þess að vinnslur sem áður hafa sótt heimild í tiltekna lagastoð gætu nú þurft á uppfærðri lagastoð að halda til að vinnslan fullnægi skilyrðum reglugerðarinnar. Verði þessar lagastoðir ekki uppfærðar samhliða frumvarpinu, þannig að þær uppfylli kröfur reglugerðarinnar, þá skapar það mikið vandamál fyrir þá aðila sem sækja vinnsluheimildir í slíkar lagastoðir. Tveir kostir virðast þá vera í boði fyrir þessa aðila. Sá fyrri væri að hætta slíkum vinnslum en sá síðari væri að byrja að gera samning við hinn skráða sem heimili vinnsluna. Síðari kosturinn getur verið mjög tímafrekur og mikil vinna fólgin í því fyrir ábyrgðaraðila. Jafnvel getur hann ekki verið í boði fyrir alla hina skráðu ef ekki fæst samþykki hjá einhverjum hinna skráðu. Þá geta einnig skapast þær aðstæður að samþykki fæst ekki og þá geti sveitarfélagið ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum gagnvart viðkomandi.

Ekki liggur fyrir vitneskja að svo stöddu um að vinna sé hafin við að uppfæra lagastoðir sem hingað til hafa verið notaðar sem heimildir fyrir vinnslu hjá sveitarfélaginu en verða ófullnægjandi þegar frumvarpið verður að lögum. Þetta veldur áhyggjum þar sem þetta getur valdið talsverðri truflun á starfsemi sveitarfélagsins. Undirbúningur til að uppfæra þær lagastoðir sem til þarf, svo þær teljist fullnægjandi, er umfangsmikil og tímafrekt verkefni ef vel á að takast til. Mikilvægt er að vönduð vinna eigi sér stað hérna svo allar lagastoðir sem notaðar hafa verið hingað til, verði uppfærðar eftir þörfum.

## Stjórnvaldssekt

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Persónuvernd geti beitt stjórnvaldssektum vegna brota á fyrirhuguðum lögum. Sektorheimildin nær bæði til einstaklinga og lögaðila, hvort sem lögaðilinn sé opinber aðili eða ekki. Reglugerðin veitir löggjafanum val um hvort ákveðið sé að sektarheimildin nái einnig til opinberra aðila. Eins og áður segir þá er stefnt að því í frumvarpinu að sektarheimildin nái til opinberra aðila á sama hátt og



annarra aðila. Ekki er því gerður neinn greinarmunur, varðandi sektarheimildina, um hvort að opinberi aðilinn sé ríkið eða sveitarfélag.

Á Norðurlöndunum virðist sú leið hafa verið farin að opinberir aðilar fá ekki stjórnvaldssektir, eða lægri sektir en aðrir aðilar. Engin sérstök rök er að finna í frumvarpinu hvers vegna sú leið sé ekki farin en hafa ber í huga að sveitarfélög starfa eftir lögum og veita lögbundna þjónustu en starfa ekki í hagnaðarskyni eins og lögaðilar gera yfirleitt. Vegna eðlis starfsemi sveitarfélaga þá eru tekjuöflunarleiðir þeirra mjög takmarkaðar og því mjög íþyngjandi fyrir þau að mæta þungum sektargreiðslum.

Þá er einnig rétt að benda á að reglan er sú að stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð nema annað sé ákveðið í lögum en miðað við frumvarpið þá munu sektirnar renna í ríkissjóð. Rétt er að hafa í huga þarna að stjórnvaldssektir eru lagðar á, óháð því hvort eitthvað fjártjón hafi átt sér stað. Þá rennur sektin í ríkissjóð sem verður ekki fyrir brotinu.

Þar sem sektir renna í ríkissjóð þá leiðir það til þess að þegar ríkisstofnanir greiða sektir, þá er hægt að líta svo á að ekkert eiginlegt fjártjón verður þar sem þær stofnanir eru fjármagnaðir af sama aðila og þær greiða sektina til. Þetta á ekki við um sveitarfélögin og því standa þau ekki jafnfætis ríkinu. Á meðan ríkið verður því skaðlaust af brotum stofnanna sinna þá á það ekki við um sveitarfélögin. Til að koma á móts við þetta þá væri æskilegt að frumvarpinu yrði breytt á þá vegu að stjórnvaldssektir sem lagðar yrðu á sveitarfélögin myndu renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Með því stæðu sveitarfélögin meira jafnfætis ríkinu.

Til að fyrirbyggja misskilning þá skal það tekið fram að umfjöllunin hérna fyrir ofan fjallar einungis um stjórnvaldssektir en ekki um þær skaðabætur sem aðilar gætu þurft að greiða vegna brota á fyrirhuguðum lögum. Ekki er því verið að leggja til að réttur einstaklinga vegna skaðabóta verði afnuminn eða takmarkaður.

## **Seinka gildisstöku lagaákvæða um stjórnvaldssektir**

Í ljósi þess hversu fjölbreytt og umfangsmikill starfsemi sveitarfélaga er, þá hefur tími til undirbúnings vegna löggjafarinnar verið afskaplega skammur. Frumvarpið var fyrst lagt fyrir á Alþingi þann 28. maí sl. og virðist stefnt að því að það verði samþykkt á þinginu í þessum mánuði. Samkvæmt frumvarpinu þá verður það hins vegar ekki að lögum fyrr en reglugerðin hefur verið tekin upp í EES-samninginn en nýjustu fregnir herma að það verði í júlí.

Eins og áður segir þá hefur tíminn til undirbúnings fyrir sveitarfélögin verið afskaplega skammur. Í ljósi þess og einnig vegna þeirra athugasemda sem fram komu hér að ofan þá virðist sem vinna við að uppfæra lagaheimildir fyrir vinnslu sé ekki komin af stað, því væri skynsamlegt að opinberir aðilar, í það minnsta sveitarfélögin, yrðu ekki sektuð fyrst um sinn (ef ætlunin er að stefna áfram að því að sekta þau líka). Með því móti yrði



sveitarfélögum gefin meiri tími til að aðlaga hina fjölbreyttu og umfangsmiklu starfsemi sína að fyrirhugaðri löggjöf en einnig gæfist tími fyrir löggjafann til vandaðrar vinnu við að uppfæra lagaheimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

## Kostnaður sveitarfélaga

Ljóst er að frumvarpið leggur ýmsar nýjar skyldur á aðila sem vinna með persónuupplýsingar. Þannig liggur fyrir að sveitarfélagið þarf að ráðast í kostnað vegna innleiðingar löggjafarinnar og vegna annara skylda sem frumvarpið leggur á s.s. að skipa persónuverndarfulltrúa.

Frumvarpið hefur ekki að geyma upplýsingar um hvernig sveitarfélögin eigi að standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur áætlað kostnað upp á hundruð milljóna króna fyrir sveitarfélögin vegna löggjafarinnar.

Eðlilegt væri að það lægi fyrir kostnaðarmat vegna undirbúnings sveitarfélaga að innleiðingu og viðverandi kostnaðarauka vegna persónuverndarmála. Jafnframt að þá lægi fyrir hvernig komið verði til móts við sveitarfélögin vegna umrædds kostnaðar sem hlýst af þessum nýju skyldum en eins og áður kom fram hér að ofan, þá eru tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga mjög takmarkaðar.

Egilsstaðir 6. júní 2018

f.h. Fljótsdalshérað

Aron Thorarensen

Aron Thorarensen,

Verkefnastjóri innleiðingar persónuverndarlöggjafar hjá Fljótsdalshéraði